






Inngilding í Listasafni Reykjavíkur

Sunna Ástpórsdóttir

deildarstjóri sýninga og miðlunar

22.01.2026




Framtíðarsýn

Menningarstefna Reykjavíkurborgar hefur það að markmiði að árið 2030 hafi allir íbúar jöfn tækifæri til þess að njóta lista, menningar og menningararfs bæði sem þátttakendur og neytendur. Lista- og menningarlíf borgarinnar á ekki að vera einsleitt heldur endurspeгла hið fjölbreytta mannlíf borgarinnar. Reykjavíkurborg stefnir á að í borginni verði framúrskarandi aðstæður til listsköpunar og að Reykjavík verði borg sem listafólk sækist eftir að búa og starfa í. Reykjavík á að verða þekkt menningarborg um heim allan og ferðamenn komi hingað gagnert til þess að upplifa reykviska list og menningu.

Öll hverfi borgarinnar eiga að vera suðupottur lista og menningar sem endurspeгла sérstöðu og sögu hvers borgarhluta. Allir íbúar borgarinnar skulu hafa jöfn tækifæri til þess að taka þátt í og njóta menningar og lista í sínu nærumhverfi.






Grunnstef í miðlun Listasafns Reykjavíkur er að allir geti tengst myndlist í fortíð og samtíma á eigin forsendum.

Gestir safnsins á öllum aldri, af ólíku þjóðerni og mismunandi áhuga eða getu eru hvattir til að skoða og uppgötva og ekki síst til þátttöku í miðlunarstarfi safnsins.

Safnið leitast við að sníða sýningar og aðra miðlun með það að markmiði að skapa borgarbúum og öðrum gestum innihaldsríkar og ánægjulegar myndlistarstundir.



Helstu verkefni síðustu ára

Tökum höndum saman

Samstarfsverkefni Listasafns Reykjavíkur og Borgarsögusafns

- 2020-2022
- Aðgengismál í sem víðustum skilningi: auka aðgengi fólks að söfnunum, líka þá sem af einhverjum ástæðum eiga erfitt með að koma í söfnin eða finna sig ekki þar.
- Innskýting í innra starf: tækifæri til að setja margbreytileika samfélagsins í fókus.
- Aðferðir þróaðar sem hafa síast inn í almenna dagskrárgerð safnsins



Tökum höndum saman

- Markmið að fjölga samstarfsaðilum og ná til fleiri og fleiri hópa með hverju ári
 - Einhverjusamtökin, Blindrafélagið, Móðurmál – samtök um tvítyngi, félag heyrnarlausra, Einhverfusamtökin, Landssambatökin Þroskahjálp, Listir, hugarefling og vellíðan, Barnaheill, Geðhjálp
- Kynnast þörfum hvers hóps fyrir sig og fara yfir aðgengi í söfnunum: í húsum, á heimasíðu og í opinberri dagskrá safnsins.
- Áhersla á að ná til fólks – hver og einn sem kom á viðburði skipti máli – fjöldinn var ekki allt

Accessibility at Kjarvalsstaðir

FÉLAGSFÆRNISAGA
MY VISIT TO KJARVALSTAÐIR

listasafnreykjavikur.is

agata 24.
óhannes S.
indic
artists ever.
elandic and

My Visit to Reykjavík Art Museum – Kjarvalsstaðir

I am going to visit Reykjavík Art Museum – Kjarvalsstaðir. The museum regularly hosts exhibitions of the works by artist Jóhannes S. Kjarval. It also exhibits paintings and sculptures by contemporary Icelandic and international artists.

Entrance


Kjarvalsstaðir
of the building
sort of courtyard
and there, to n
days, the door
swings outwar
a small foyer.



Listin talar tungum

Samstarf við Móðurmál – samtök um tvítyngi og önnur hagsmunafélög

- Viðburðaröð sem hófst árið 2017
- Leiðsagnir um sýningar safnsins á ýmsum tungumálum sem töluð eru á Íslandi, en telur jafnframt til sjónlýsinga fyrir blinda og sjónskerta.
- Markmiðið að ná til hópa sem við vorum ekki að ná nógu vel til áður, senda þau skilaboð að þeir séu velkomnir og geti nálgast safnið
- Leiðsagnir eru kynntar á því tungumáli sem þær fara fram á.



Leikum að list

Skólaheimsóknir Móðurmáls


- Safnið sem vettvangur fyrir kennslu í ólíkum tungumálum sem töluð eru á Íslandi
- Heimsóknir af frumkvæði samtakanna
- Safnið afhendir fræðsluefni um sýningarnar sem kennari getur aðlagð að þörfum hópsins
- Nemendur á aldrinum 2-12 ásamt foreldrum



Ýmis verkefni og innra starf

- Flökkusýningar – færanlegar sýningar fyrir skóla og bókasöfn
- HEIMA – námskeið á arabísku og úkraínsku
 - fyrir börn á flóttu í samstarfi við Barnaheill og GETU samtökin
- Listir, hugarefling og vellíðan: Hittumst á safninu
- Samstarf við vinnuskólann
- Appið, útilistaverk í Reykjavík
- Safnið er regnbogavottað og starfsfólk hefur sótt regnbogafræðslu
- Handbók, samansafn aðferða og vitneskju úr Tökum höndum saman







Verkefni og viðburðir framundan

Inngilding áfram í fókus

- Textar á auðlesnu máli í vinnslu, verða aðgengilegir í afgreiðslu og heimasíðu
- Huga að innra starfi: næmi-námskeið fyrir starfsfólk í fræðslu og framlínu
- Sýningarnar og fjölbreytileiki meðal sýnenda
 - getum og ætlum að gera betur
 - t.d. með auknu samstarf við sýningarstjóra
- Listin út í hverfin!



Inngilding áfram í fókus

- Samstarf áfram grunnstoð
 - áframhaldandi traust samstarf við fjölbreytta hópa og samtök, aukið við jafnt og þétt
- Horfum til annarra og byggjum á átaksverkefnum safnsins fyrri ára – lærum og þróum
- Vinnum að því að auka stöðugleika verkefnanna – áskorun
- Viljum gera enn betur, halda áfram að byggja upp öflugt miðlunarstarf fyrir alla



